# allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ




## FRUMKVÆÐI OG FRAMSÆKNI

### ...við á Línuhönnun sækjumst eftir því

### EN ÞÚ?

- FINNST ÞÉR VERKEFNASTJÓRNUN SPENNANDI ?
- ERT ÞÚ MEÐ SNIÐUGA FRAMHALDSMENNTUN SEM NÝTIST VEL Í STARFI ?
- ERT ÞÚ MEÐ ALMENNA ÞEKKINGU Á BYGGINGARFRAMKVÆMDUM ?
- ERT ÞÚ MEÐ GÓÐA SKIPULAGSHÆFILEIKA ?
- ERT ÞÚ TIL Í AÐ TAKAST Á VIÐ STÓR OG KREFJANDI VERKEFNI ?

Frekari upplýsingar gefa Ásta Björk Sveinsdóttir starfsmannastjóri, sími: 585-1505, asta@lh.is og Sigríður Sigurðardóttir, sími: 585-1578, sigridur@lh.is.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2007

ISO 9001
ISO 14001

Línuhönnun verkfræðistofa

Suðurlandsbraut 4A
108 Reykjavík
www.lh.is

Sími: 585 1500
Fax: 585 1501
lh@lh.is

Umsækjendur geta einnig sótt um á heimasíðu okkar: **www.lh.is**



# Sérfræðingur í fyrirtækjaviðskiptum

Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

Störf sérfræðinga í fyrirtækjaviðskiptum í útibúum á höfuðborgarsvæðinu eru laus til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingum sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni í lifandi starfsumhverfi þar sem áhersla er lögð á frumkvæði, sterka liðsheild og árangur.

### Helstu verkefni:

- Umsjón með samskiptum við fyrirtæki í viðskiptum við útibúið
- Úrvinnsla gagna, svo sem ársreikninga, stöðu trygginga, áhættumats rekstraraðila og mat lánsumsókna
- Skýrslugerð og ýmis undirbúningur lánsumsókna fyrir útibússtjóra og/eða lánanefnd

### Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Háskólamenntun í viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af fjármálastjórn fyrirtækja er kostur
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Góð þekking á atvinnurekstri og efnahagslífi
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót

Nánari upplýsingar veitir Berglind Ingvarsdóttir á starfsmannasviði í síma 410 7914.

Umsóknir fyllist út og sendist ásamt fylgigögnum á www.landsbanki.is fyrir lok dags 25. september nk.

Landsbankinn

ÍSLENSKA/SIA.IS/LBI 39091 09/07

DHL

# INNHEIMTUSTJÓRI

Fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á sveigjanlegar heildarlausnir sem byggja á sérþekkingu á sviði hraðsendinga, sjó- og flugfraktar. Þjónustunet DHL nær til meira en 220 landa og svæða og yfir 285.000 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu um heim allan. Hjá DHL á Íslandi starfa um 70 manns og góður starfsandi einkennir vinnustaðinn sem býður upp á alþjóðlegt og krefjandi starfsumhverfi.

DHL er leiðandi fyrirtæki á alþjóðlegum flutningamarkaði. Fyrirtækið leitar að öflugum starfsmönnum í krefjandi og áhugaverð störf.

**Starfssvið**
- Ábyrgð á skipulagi og verklegri framkvæmd innheimtu
- Ábyrgð á eftirliti með innheimtu og skuldasöfnun viðskiptavina
- Ábyrgð á samskiptum við innheimtuaðila
- Samskipti og samningagerð við viðskiptavini og mat á lánshæfi
- Þróun innheimtuferla á pappírslausum viðskiptum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Viðskiptafræði eða sambærilegt nám
- Reynsla af innheimtustarfi eða mikil starfsreynsla af sambærilegu starfi skilyrði
- Þekking á bókhaldi og fjármálum
- Góð tölvukunnátta skilyrði, þekking á Navision Financials kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Nákvæmni og vandvirkni
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður Dröfn Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

WÜRTH

# SKRIFSTOFUSTARF

Würth á Íslandi var stofnað 1988 og hefur nú þjónustað sína viðskiptavini í 19 ár. Wurth samsteypan samanstendur af 370 fyrirtækjum í 83 löndum og hjá samsteypunni starfa um 60.0000 manns. Í upphafi einbeitti Würth á Íslandi ehf. sér fyrst að þjónustu við bifreiðaverkstæði, en síðar við tré- og málmiðnaðinn ásamt þjónustu við almennan iðnað. Würth á Íslandi er fjölskylduvænt fyrirtæki og þar ríkir sterk starfsmannastefna. Áhersla er lögð á að starfsfólk fyrirtækisins sé ánægt og fái að þroskast í starfi.

Würth á Íslandi ehf. óskar eftir að ráða kraftmikinn og áhugasaman einstakling í skrifstofustarf. Um framtíðarstarf er að ræða. Viðkomandi verður að geta hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið**
- Símavarsla og móttaka viðskiptavina
- Umsjón með móttöku
- Skráningarvinna og skýrslugerð

Viðkomandi mun einnig sinna öðrum tilfallandi skrifstofustörfum.

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af skrifstofustörfum æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þjónustulund og fagleg framkoma

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---




# Netsérfræðingur óskast

**Leitað er að metnaðarfullum og árangursdrifnum einstaklingum til liðs við okkur í tæknideild Gagnaveitu Reykjavíkur. Tæknideild sér um tæknilega uppbyggingu, rekstur og viðhald á gagnaflutningskerfi GR.**

## Starfssvið:
- Skilgreining á kröfum til alls netbúnaðar.
- Skipulagning á útbreiðslu IP/MPLS netkerfis.
- Val og innkaup á netbúnaði.
- Uppfylla kröfur GR um uppitíma og viðgerðir á IP/MPLS netkerfinu.
- Mælingar á gæðum og afkastagetu netbúnaðar.
- Tækni- og rekstrarleg samskipti við þjónustuveitur.

## Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf í verkfræði, tölvunarfræði eða sambærilegu.
- Reynsla af hönnun, uppbyggingu og rekstri flókinna netkerfa er æskileg.
- Fagleg, markviss og öguð vinnubrögð.

Gagnaveita Reykjavíkur, dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur, vinnur að uppbyggingu, þjónustu og rekstri á gagnaflutningskerfi byggt á ljósleiðaratækni. Um ljósleiðaranetið rekur Gagnaveitan öflugt dreifi- og samskiptakerfi fyrir sjónvarp, síma og Internet, byggt á IP/MPLS tækni.

capacent RÁÐNINGAR

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga: www.capacent.is

---

# GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar.

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

VEGAGERÐIN

# HÚSASMIÐUR HVAMMSTANGA

Staða húsasmiðs hjá vinnuflokki Vegagerðarinnar Hvammstanga er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Samiðnar.

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**

**Starfssvið**
- Vinna við brúasmíð
- Ýmis tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Sveinspróf í húsasmíði
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinsson (sigurdur.eysteinsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 1. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

BRIDGE SAMBAND ÍSLANDS

# FRAMKVÆMDASTJÓRI

Bridgesamband Íslands leitar að öflugum aðila til að gegna stöðu framkvæmdastjóra.

Starfið felur í sér umsjón með daglegum rekstri sambandsins, fjáröflun, fræðslustarf, samskipti við fjölmiðla, félagsmenn og erlenda aðila.

Framkvæmdastjóri sinnir mótahaldi á vegum sambandsins, sér um félagaskrá og stigaskráningu.

Frumkvæði, drifkraftur og metnaður eru lykilatriði í starfinu. Þekking á rekstri er æskileg.

Vinnutími framkvæmdastjóra er sveigjanlegur. Álag er meira yfir vetrarmánuði, möguleiki er að semja um lengra sumarfrí en tíðkast á almennum vinnumarkaði.

Umsjón með starfinu hafa Guðmundur Baldursson (gudmundur@logoflex.is) forstjóri Bridgesambandsins og Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

# Sölumaður

565134

Verslunar- og þjónustufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða til sín sölumann í hreinlætistækja- og gólfefnadeild.

Í starfinu felst sala og ráðgjöf til viðskiptavina, bera ábyrgð á sölu og eftirfylgni auk annarra tilfallandi verkefna.

Leitað er að traustum og öflugum sölumanni og er kostur að viðkomandi hafi þekkingu og/eða reynslu úr sambærilegu starfi. Viðkomandi þarf að vera þjónustulundaður, heiðarlegur og með góða framkomu. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00-18:00 og annan hvern laugardag. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is ATVINNUMIÐLUN

---

capacent

# CAPACENT GÓÐAN DAG!

Capacent óskar eftir að ráða starfsmann í móttöku og símavörslu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Vinnutími er frá kl: 13:00- 17:00.

Capacent er stærsta rannsóknar-, ráðgjafar- og ráðningarfyrirtæki landsins þar sem yfir 100 sérfræðingar með fjölbreytta reynslu og menntun stuðla að bættum árangri viðskiptavina. Markmið Capacent er að starfsfólk sé ánægt í starfi og hafi tækifæri til að vaxa og þróast á sínu sviði. Þetta teljum við að skili okkur hæfara starfsfólki og fyrirtækinu betri árangri. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á vefsíðu Capacent: www.capacent.is.

**Starfssvið**
- Símsvörun
- Móttaka viðskiptavina
- Svörun fyrirspurna
- Upplýsingagjöf
- Umsjón með móttöku og fundarherbergjum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Haldgóð starfsreynsla
- Reynsla af samskiptum við viðskiptavini kostur
- Framúrskarandi þjónustulund
- Góð íslensku- og enskukunnátta, færni í einu Norðurlandamáli kostur
- Lipurð í samskiptum og jákvætt viðmót
- Hæfni til að vinna undir áreiti og álagi
- Snyrtimennska og næmt auga fyrir nánasta umhverfi

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Lagerstarf

BROS

565116

Bros sem sérhæfir sig í auglýsinga- og gjafavörum óskar eftir starfsmanni til starfa.

- Starfið felur í sér vörumóttöku, tiltekt á pöntunum og afgreiðslu til viðskiptavina. Vinnutími er alla virka daga frá kl: 08:00-17:00.
- Leitað er að nákvæmum, frísklegum og sjálfstæðum einstaklingi til starfa. Viðkomandi þarf að hafa góða tölvuþekkingu. Unnið er á Navision tölvukerfi. Ráðið verður í starfið fljótlega.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is
ATVINNUMIÐLUN

GRUND
DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI

## Sjúkraliðar

Fjölbreytt og sjálfstætt starf! Hvernig væri að prófa?
Sjúkraliðar starfa sem hópstjórar, það býður upp á mikið sjálfstæði og góða reynslu. Starfshlutfall og vinnutími samkomulagsatriði.

## Starfsfólk í aðhlynningu

Starfsfólk óskast í aðhlynningu, um er að ræða framtíðarstarf og einnig tímabundnar afleysingar, um er að ræða vakta-vinnu á morgun- kvöld- og næturvaktir bæði heilsdags- og hlutastörf í boði. Endilega hafið samband við okkur til að athuga hvort leiðir okkar gætu legið saman.

**Við tökum vel á móti nýju starfsfólki.**

**Nánari upplýsingar veitir Helga J. Karlsd. starfsmannastjóri virka daga milli 8-15 í síma 530-6165 eða helga@grund.is.**

Grund, dvalar-og hjúkrunarheimili Hringbraut 50
s:530-6100 **www.grund.is**

actavis

# Actavis Group leitar að árangursdrifnum einstaklingum

Actavis Group, móðurfélag Actavis, er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 11 þúsund einstaklingar í 40 löndum, sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að vera í fremstu röð samheitafyrirtækja.

## Fjármálastjóri Actavis Group PTC

Fjármálastjóri Actavis Group PTC heyrir undir „VP of Finance and Global Internal Audit“. Starfið felur í sér mikla ábyrgð og samskipti erlendis þvert á fyrirtækið.

**Starfssvið**
- Daglegur rekstur, stjórnun og stefnumótun á fjármálasviði Actavis Group PTC
- Ábyrgð á mánaðarlegu uppgjöri Actavis Group PTC
- Ábyrgð á mánaðarlegum skýrslum, frávikagreiningu og sjóðsstreymisskýrslum, fjárfestingum og öðrum stjórnendaupplýsingum
- Ábyrgð á árlegri áætlanagerð og langtímaáætlunum
- Ýmsar fjármálagreiningar fyrir yfirstjórn félagsins
- Önnur verkefni tilheyrandi deildinni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Viðskiptafræðimenntun, framhaldsmenntun er kostur
- Reynsla af stjórnun á sviði fjármála er nauðsynleg
- Reynsla af uppgjörsvinnu er kostur
- Reynsla af greiningum og upplýsingagjöf æskileg
- Mjög góð enskukunnátta og góð Excel kunnátta

## Viðskiptafræðingur á þróunarsviði

Um er að ræða nýtt starf á þróunarsviði Actavis Group þar sem næsti yfirmaður er fjármálastjóri þróunarsviðs. Meginhlutverk starfsins er að halda utan um fjármál þróunarsviðs Actavis á Íslandi ásamt því að koma að verkefnum tengdum dótturfélögum og upplýsingagjöf á samstæðugrundvelli.

**Starfsvið**
- Utanumhald og eftirfylgni með fjármálum þróunarsviðs Actavis Group á Íslandi
- Kostnaðargreining og umsjón mánaðarlegra uppgjörsfunda
- Utanumhald á eignakerfi
- Vinna við áætlanagerð
- Vinna við skýrslugjöf og kynningar á samstæðugrundvelli

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Viðskiptafræðimenntun með áherslu á reikningshald eða fjármál
- Reynsla af bókhaldsstörfum og kostnaðargreiningu mikill kostur
- Góð enskukunnátta, bæði munnleg og skrifleg
- Góð Excel kunnátta ásamt almennri tölvukunnáttu

**Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:**
- sýnir metnað í hverju því sem það innir af hendi
- sýnir viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustulund
- leggur áherslu á samvinnu
- ber virðingu fyrir auðlindum sínum og sýnir hagkvæmni í daglegum störfum
- hefur sveigjanleika til að geta gripið tækifærin sem því gefast
- sýnir framsækni og lætur hlutina gerast

## Corporate Expense Controller

Starfið heyrir undir fjármálastjóra Actavis Group PTC og felur í sér umsjón og eftirfylgni áætlana, kostnaðargreiningu og ýmis sérverkefni. Starfið felur í sér mikil samskipti við stjórnendur þvert á fyrirtækið.

**Starfsvið**
- Ábyrgð og umsjón með áætlanagerð og eftirfylgni áætlana deilda
- Stjórnun á mánaðarlegum uppgjörsfundum þar sem farið er yfir rekstur deilda, samantektir og skýrslugerð
- Mánaðarleg skýrslugerð til stjórnar
- Ábyrgð á þróun og skilum stjórnendaupplýsinga
- Eftirlit með og þróun vinnuferla
- Ábyrgð með notkun og þróun Cognos Planning

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Viðskiptafræðimenntun með áherslu á reikningshald eða fjármál
- Reynsla af greiningum og kostnaðareftirliti mikill kostur
- Mjög góð enskukunnátta, bæði munnleg og skrifleg
- Góð Excel kunnátta ásamt almennri tölvukunnáttu

## Verkefnastjóri Cognos

Starfið tilheyrir IT Management Information Systems hjá Actavis Group. Viðkomandi mun starfa í alþjóðlegu teymi sem vinnur að þróun lausna fyrir áætlanagerð og stjórnendaupplýsingar.

**Starfsvið**
- Viðhald á núverandi Cognos lausnum
- Hönnun og þróun á nýjum BI lausnum
- Þátttaka í öðrum verkefnum innan deildarinnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af gagnagrunnum er æskileg
- Þekking og reynsla á SQL Server Integration Services og Cognos BI er kostur
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Mjög góð enskukunnátta

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Rafiðnaðarmenn

**Traust og framsækið fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir rafiðnaðarmönnum til að starfa við afar fjölbreytt verkefni, svo sem viðhald, uppsetningu og gangsetningu búnaðar fyrir heimili og fyrirtæki.**

**Óskað er eftir fólki með:**
- Sveinspróf í rafvirkjun, rafeindavirkjun eða símsmíði.
- Almenna tölvukunnáttu.
- Enskukunnáttu.
- Getu til að vinna sjálfstætt.
- Þjónustulund og ánægju af samvinnu.
- Vilja til að bæta við sig þekkingu.

**Í boði er** spennandi framtíðarstarf hjá traustu fyrirtæki með góða starfsaðstöðu og hreinlegt vinnuumhverfi.

**Áhersla er lögð á** möguleika starfsmanna til að vaxa og dafna með fyrirtækinu.

**Mikið er lagt upp úr** þjálfun starfsmanna og símenntun.

**Góð laun** eru í boði fyrir rétta aðila.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 24. september nk. Númer starfs er **7056**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elísabet S. Arndal, ráðgjafi hjá Hagvangi. Netfang: elisabetsa@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is



samskip

# SAMAN NÁUM VIÐ ÁRANGRI

Vegna aukinna verkefna óska Samskip að ráða drífandi og metnaðarfulla einstaklinga til starfa. Í boði eru krefjandi störf í umsvifamiklu fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi.

Samskip er fjölbreyttur og krefjandi vinnustaður þar sem þekking, frumkvæði og samheldni er lykillinn að árangri. Samskip bjóða viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá Samskipum starfa nú um 1400 starfsmenn á 56 skrifstofum í 23 löndum.

## Viðskiptastjóri í Útflutningsdeild

**Starfssvið**
- Sala og kynning á þjónustu útflutningsdeildar
- Tilboðs- og samningagerð
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Heimsóknir til viðskiptavina
- Þátttaka í markaðs- og söluáætlunum
- Samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila
- Ýmis sérverkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun á háskólastigi æskileg
- Haldgóð reynsla af sölumennsku kostur
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta nauðsynleg
- Talnagleggni og góð tölvukunnátta
- Kappsemi og góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

## Innheimtufulltrúi í Fjárreiðudeild

**Starfssvið**
- Almenn innheimta á útistandandi kröfum og eftirlit með skuldasöfnun
- Svörun fyrirspurna viðskiptavina
- Bókun daglegra innborgana frá milliinnheimtu
- Yfirumsjón með útsendingu innheimtumála til milliinnheimtu
- Tengiliður félagsins við milliinnheimtu
- Úrvinnsla og framkvæmd verkefna sem innheimtufulltrúa eru falin

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf kostur en ekki skilyrði; annars stúdentspróf, verslunarpróf
- Hagnýt og góð reynsla af skrifstofustörfum æskileg
- Þekking á bókhaldi
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum, fáguð framkoma og þjónustulund

## Hugbúnaðarmaður (forritari) í Upplýsingatæknideild:

**Starfssvið**
- Forritun í sérsmíðuðum lausnum
- Vinna með öflugri heild forritara og verkefnisstjóra
- Greiningarvinna

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- B.S. í tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Þekkingu á .NET þróunarumhverfinu, C# forritunarmálinu og SQL fyrirspurnarmáli
- Þekking á WebMethods mikill kostur
- Samskiptahæfni
- Hæfni til að setja sig inn í flókin verkefni
- Samviskusemi og ábyrgðarkennd

## Viðskiptastjóri í Söludeild innanlandssviðs

**Starfssvið**
- Sala og kynning á þjónustu söludeildar
- Tilboðs- og samningagerð
- Heimsóknir til viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni
- Þátttaka í markaðs- og söluáætlunum
- Ýmis önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Haldgóð reynsla af sölumennsku er æskileg
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Talnagleggni og góð tölvukunnátta
- Kappsemi, góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

## Skráningarfulltrúi í Hagdeild

**Starfssvið**
- Skönnun og skráning innlendra og erlendra reikninga
- Afstemmingar
- Almennar bókanir

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Góð tölvufærni
- Enskukunnátta
- Bókhaldsþekking
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn





**Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, SHS, þarf á slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum að halda.** Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu við sjúkraflutninga, slökkvistörf og reykköfun, björgun og neyðarflutninga með möguleika á starfsmenntun og þjálfun erlendis og innanlands. Laun eru skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

**Umsækjendur með reynslu**
Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn með reynslu eru sérstaklega hvattir til að sækja um.

**Umsækjendur þurfa að:**
- Vera reglusamir og háttvísir.
- Hafa góða líkamsburði, gott andlegt og líkamlegt heilbrigði, góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og vera lausir við lofthræðslu og innilokunarkennd.
- Hafa aukin réttindi til að stjórna vörubifreið og leigubifreið. Nóg er að umsækjandi hafi öðlast aukin ökuréttindi áður en reynsluráðningu lýkur.
- Hafa iðnmenntun (sveins- eða vélstjórapróf) sem nýtist í starfi eða sambærilega menntun (stúdentspróf) og reynslu.

**Umsóknir**
Umsóknareyðublöð eru hjá þjónustuveri SHS og á www.shs.is. **Umsóknum og fylgigögnum skal skila** til þjónustuvers SHS, Skógarhlíð 14, **eigi síðar en 26. september nk.** Fylgigögn: Læknisvottorð um almennt heilbrigði, sakavottorð, prófskírteini, ljósrit af ökuskírteini og ökuferilsskrá, passamynd. Konur eru hvattar til að sækja um.

**Ráðningarferlið**
Reynsluráðning er áætluð frá 7. janúar 2008. Að loknum sex mánaða reynslutíma verður tekin ákvörðun um fastráðningu. Þeir sem uppfylla almenn skilyrði þurfa að vera reiðubúnir að gangast meðal annars undir:
- Styrkleikapróf, 3.000 m hlaup og sund
- Aksturspróf
- Próf vegna lofthræðslu og innilokunarkenndar
- Göngupróf á bretti í eldgalla með reykköfunartæki á bakinu
- Próf í almennri þekkingu og tungumálum
- Læknisskoðun, hjóla- og áreynslupróf

**Nánari upplýsingar**
**Kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 20. september kl. 17.00** í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð. Frekari upplýsingar veita Þorsteinn Karlsson (thorsteinn.karlsson@shs.is) og Elías Níelsson (elias.nielsson@shs.is) í síma 528 3000 á skrifstofutíma.
**Einnig á www.shs.is.**

GARÐAR GUÐJÓNSSON / FORSTOFAN 09/07

SHS

Skógarhlíð 14
105 Reykjavík
sími 528 3000
shs@shs.is
www.shs.is

SHS er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, viðbrögðum við mengunaróhöppum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa. Að rekstri SHS standa sjö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarneskaupstaður og Álftanes. Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna skipa stjórn SHS.

## HEILDSALAN EGGERT KRISTJÁNSSON

Heildsöluna Eggert Kristjánsson vantar röskn framtíðarstarfsmann til starfa sem fyrst, helst með lyftarapróf - þó ekki skilyrði.

Umsóknir sendist á lager@eggert.is fyrir föstudaginn 21 sept.



# Má bjóða þér?

Perlan veitingahús leitar að ***framreiðslunemum*** (þjónanemum) og ***aðstoð í sal***. Kvöld- og helgarvinna.

Í Perlunni, einu besta veitingahúsi landsins, er gott vinnuumhverfi og jákvæður starfsandi.
**Umsóknir: perlan@perlan.is**

The Pearl restaurant is looking for ***waiter students*** and ***floor assistants***. Evening and weekend job.

The Pearl, one of Icelands best restaurants, offers a good and positive work environment.
**Apply via eMail: perlan@perlan.is.**

PERLAN




# OPNUM FLJÓTLEGA NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN Í HOLTAGÖRÐUM

## Óskum eftir duglegu, kraftmiklu og skemmtilegu starfsfólki í allar sérvöru- og matvörudeildir

Hægt er að sækja um á www.hagkaup.is. Einnig er hægt að fá umsóknareyðublöð í verslunum. Nánari upplýsingar um störfin veitir Arndís Arnarsdóttir starfsmannafulltrúi í síma 563 5000 eða starfsmannahald@hagkaup.is.

ÚRVAL + ÞÆGINDI + FERSKT & FRAMANDI + GÓÐ KAUP = HAGKAUP Skemmtilegast að versla



# Fjölbreytt störf á upplýsingatæknisviði

Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

## Umsjón viðskiptagólfs Business support

Við leitum að útsjónarsömum einstaklingum sem líður hvergi betur en í margþættu og hröðu umhverfi og hafa brennandi áhuga á fjármálamörkuðum.

### Helstu verkefni:

- Þjónusta við notendur kerfa sem tengjast fjárfestingabankastarfsemi
- Nýting upplýsinga úr kerfum og framsetning þeirra
- Samskipti við hugbúnaðarsala og forritara innan bankans
- Aðstoð við rekstur og umsjón kerfa
- Ýmis sérverkefni fyrir deildir innan fjárfestingabanka

### Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólamenntun af sviði verk-, viðskipta- eða tölvunarfræði
- Góð tölvukunnátta skilyrði
- Frumkvæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Þjónustulund og geta til að starfa undir álagi
- Reynsla á fjármálamörkuðum og fjárfestingabankastarfsemi er mikill kostur

Nánari upplýsingar veita Guðmundur Guðmundsson framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs í síma 820 6490 og Berglind Ingvarsdóttir á starfsmannasviði í síma 410 7914.

## Prófari

Við óskum eftir að ráða nákvæman, duglegan og skipulagðan einstakling með brennandi áhuga á öllu sem viðkemur prófun á hugbúnaði.

### Helstu verkefni:

- Allt sem viðkemur prófunum á hugbúnaði, þ.m.t.:
  - Kerfisprófanir
  - Viðtökuprófanir
  - Sjálfvirkar prófanir
  - Gerð prófanatilvika og framkvæmd þeirra

### Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Geta til að vinna í hópi
- Færni í að tileinka sér nýjungar
- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af framkvæmd og skjölun prófana er kostur

Nánari upplýsingar veita Sigurbjörg Gróa Vilbergsdóttir hópstjóri prófana á upplýsingatæknisviði í síma 410 6878 og Berglind Ingvarsdóttir á starfsmannasviði í síma 410 7914.

## Forritari / Hugbúnaðarverkfræðingur

Við leitum að öflugum forriturum í hugbúnaðardeild bankans til að leysa krefjandi en jafnframt skemmtileg verkefni. Viðkomandi þurfa að vera tilbúnir að sérhæfa sig í samnýtanlegum þjónustum ásamt því að geta unnið í samheldnum og afkastamiklum hópi.

### Helstu verkefni:

- Viðhald og þróun á helstu kerfum bankans þ.m.t.:
  - Reikningakerfi
  - Aðgangsstýring
  - CRM (customer relationship management)
  - Grunnþjónustur
  - DSS (decision support systems)
  - Verðbréfakerfi

### Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða reynsla
- Þekking á Visual Studio
- Reynsla í c# og c++
- Hæfni í mannlegum samskiptum og í hópvinnu

Nánari upplýsingar veita Skúli G. Jensson forstöðumaður hugbúnaðardeildar á upplýsingatæknisviði í síma 410 6809 og Berglind Ingvarsdóttir á starfsmannasviði í síma 410 7914.

Umsóknir fyllist út og sendist ásamt fylgigögnum á www.landsbanki.is fyrir lok dags 26. september nk.

Landsbankinn



# Ævintýri alla daga

## Leikskólinn Austurborg, Háaleitisbraut 70, óskar eftir að ráða leikskólakennara eða starfsfólk með aðra menntun.

Austurborg er fjögurra deilda leikskóli sem starfar í anda Reggió Emilia. Í þeirri lífssýn er lögð áhersla á listgreinar og hjá okkur starfa auk leikskólakennara, leikarar, myndlistakennari, tónlistakennari og annað hæfileikaríkt fólk.

Vilt þú koma og vera með okkur til að gera gott starf ennþá betra? Láttu sjá þig!

Nánari upplýsingar gefur Konný Hákonardóttir, leikskólastjóri í síma 844-5768 eða 553-8545.

>> Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið
www.leikskolar.is

# SPENNANDI STARF HJÁ FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐINNI FROSTASKJÓLI

## DEILDARSTJÓRI UNGLINGASTARFS

Starfið felur í sér mótun faglegs uppeldisstarfs í frítímanum í Vesturbænum. Helsta starfssvið deildarstjórans er yfirumsjón með öllu félags- og tómstundastarfi sem rekið er á vegum frístundamiðstöðvarinnar fyrir börn og unglinga á aldrinum 10-16 ára. Undir deildarstjóra unglingastarfs heyra verkefnastjórar félagsmiðstöðva auk annarra starfsmanna í unglingastarfi. Að meðaltali nota daglega um 500 börn og unglingar þjónustu Frostaskjóls.

### Ábyrgðarsvið:

- Yfirumsjón með félags- og tómstundastarfi fyrir 10-16 ára
- Skipulagning starfsins í samráði við unglinga og annað starfsfólk

### Menntunar og/eða hæfniskröfur:

- Uppeldismenntun eða önnur sambærileg háskólamenntun
- Stjórnunarreynsla
- Víðtæk reynsla af starfi með börnum og unglingum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Góð almenn tölvukunnátta

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 30. SEPT. 2007

Umsóknum skal skila á skrifstofu Íþrótta- og tómstundasviðs, Bæjarhálsi 1, merkt viðkomandi starfi. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir forstöðumaður Frostaskjóls, Guðrún Kaldal, kaldal@reykjavik.is og í síma 411-5700**

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur | Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 | Bréfsími 411 5009 | www.itr.is | itr@itr.is

# Þjónanemi óskast á Hótel Holt

Við hér á Hótel Holti leitum að hörkuduglegum, snyrtilegum og þjónustulundaðum einstaklingi sem hefur áhuga á að læra til þjóns á einu besta veitingahúsi landsins.

**Staðan er laus til umsóknar strax.**
Um er að ræða spennandi starf á skemmtilegum og einstökum vinnustað. Frekari upplýsingar veitir Sigmar Örn Ingólfsson í síma 552-5700/698-2300 eða simmi@holt.is.

HOTEL HOLT

## ECONOMIC/COMMERCIAL ASSISTANT

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the part time position of Economic/Commercial Assitant. The closing date for this postion is September 30, 2007. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

# Prófkalestur og textagerð

Auglýsum eftir metnaðarfullum textagerðamanni og prófarkalesara, sem getur hafið störf sem fyrst. Um er að ræða hálft stöðugildi.

Umsókn sendist á umsokn@pipar fyrir 21. september.

PIPAR

Pipar auglýsingastofa
Tryggvagötu 17 / Hafnarhúsinu / 101 Reykjavík
sími 552 9900 / www.pipar.is

hagar

**Sérvörusvið Haga óskar eftir að ráða**

## Birgðabókara fyrir Debenhams

**Starfshlutfall 100%**

**Helstu verkefni:**
- Stofnun og uppfærsla vörumasters
- Skráning og bókun innlendra- og erlendra vörusendinga
- Bókun aðflutningsgjalda í fjárhagsbókhald
- Samskipti við erlenda og innlenda birgja
- Umsjón og úrvinnsla vörutalninga í samráði við birgðastjóra
- Ýmis önnur verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af bókhaldsstörfum eða birgðabókhaldi kostur
- Reynsla af Navision eða öðru sambærilegu kerfi
- Góð þekking á Excel
- Frumkvæði í starfi og öguð vinnubrögð.
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð.

**Áhugasamir sendi umsóknir og ferilskrá á gudbjorgm@hagar.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 23. september**

Sérvörusvið Haga er staðsett í Smáralindinni. Þar starfa 13 manns, birgðabókarar, fjárhagsbókarar og aðrir sérfræðingar sem sinna störfum fyrir Sérvörufyrirtæki Haga. Sérvörufyrirtæki Haga eru: Debenhams, Útilíf, Íshöfn (Topshop, Dorthy Perkins, Evans, Oasis, Coast, Jane Norman), Noron(Zara), og RES (Karen Millen,Warehouse og All Saints). Samtals reka þessi fyrirtæki 20 sérvöru- og tískuverslanir.

## Smiðir óskast

Vantar smiði eða menn vana trésmíðavinnu til starfa hjá fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Framtíðarstarf fyrir rétta aðila.

Upplýsingar gefur Garðar í síma: 860-7200.

## HÚSVÖRÐUR ÓSKAST

Laghentur aðili óskast í húsvarðarstarf í fjölbýlishúsi í Breiðholti.

Íbúð á staðnum.

Umsóknir sendist til Fréttablaðsins eða á box@frett.is merkt „Húsvörður" fyrir 30. september.

SELJASKÓLI

## Forfallakennsla

Óskum eftir að ráða forfallakennara við Seljaskóla

Seljaskóli er heildstæður skóli með áherslu á á einstaklingsmiðað nám, fjölbreytta kennsluhætti og teymisvinnu kennara. Í skólastarfinu er stuðlað er að vellíðan nemenda og starfsmanna. Markvisst er unnið að því að styrkja jákvæða hegðun nemenda og skólinn er Olweusarskóli gegn einelti. Einkunnarorð skólans eru: *Samvinna-ábyrgð-traust og tillitssemi.*

Nánari upplýsingar veitir Þórður Kristjánsson skólastjóri, sími: 411-7500 / 663-8330



# SÉRFRÆÐINGUR AVAYA
## HUGBÚNAÐARLAUSNA

NÝHERJI ER LEIÐANDI FYRIRTÆKI Í INNLEIÐINGU OG REKSTRI SAMSKIPTALAUSNA OG ER MEÐ SLÍKA STARFSEMI BÆÐI Á ÍSLANDI OG Í DANMÖRKU. SÉRFRÆÐINGAR FYRIRTÆKISINS HAFA UNNIÐ AÐ FJÖLMÖRGUM VERKEFNUM Á ÞESSU SVIÐI SEM HAFA GERT SAMSKIPTI VIÐSKIPTAVINA MARKVISSARI OG UM LEIÐ HAGKVÆMARI.

**VIÐ ÓSKUM NÚ EFTIR LIÐSAUKA Í HÓP SÉRFRÆÐINGA OKKAR Á SVIÐI AVAYA HUGBÚNAÐARLAUSNA**

STARFIÐ
- Uppsetning og viðhald á Avaya IP hugbúnaðarlausnum
- Samþætting Avaya hugbúnaðar við Microsoftkerfi
- Ráðgjöf til sölumanna og viðskiptavina á sviði Avaya IP hugbúnaðarlausna

MENNTUN OG HÆFNI
- Iðnmenntun eða háskólamenntun
- MCSA og/eða MCSE gráða
- Þekking á netkerfum, símtækni og telephony hugtökum er kostur
- Þjónustulund, frumkvæði og samviskusemi

**Áhugasamir sæki um á heimasíðu Nýherja, www.nyherji.is. fyrir 24. september nk.**
**Nánari upplýsingar veitir Erna Agnarsdóttir hjá Starfsmannaþjónustu Nýherja: erna@nyherji.is.**

Hjá Nýherja samsteypunni starfa um 450 starfsmenn og er sérþekking þeirra, metnaður og þjónustulund forsendur þess að geta skapað viðskiptavinum okkar sérsniðnar og verðmætar lausnir. Með fjárfestingu í þekkingu starfsmanna og starfsumhverfi sem einkennist af metnaði, fagmennsku, samvinnu og sveigjanleika kappkostum við að skapa frjótt umhverfi fyrir starfsfólk okkar og um leið skapast það forskot sem viðskiptavinir okkar þekkja.

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is



# VILTU SKIPTA MÁLI OG NJÓTA ÞÍN Í STARFI?

**Ef þú vilt starfa í samhentum og öflugum hópi sérfræðinga og ráðgjafa þá hlökkum við til að kynnast þér. Vegna aukinna verkefna óskum við eftir metnaðarfullum einstaklingum í eftirfarandi stöður:**

## HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGAR

Hugbúnaðarsérfræðingar óskast við ráðgjöf, þarfagreiningu, forritun og innleiðingu á Microsoft Dynamic NAV (Navision), Dynamics AX (Axapta) og Dynamics XAL (Concorde). Einnig vantar til starfa hugbúnaðarsérfræðinga vana .NET forritunarumhverfinu og/eða Delphi forritunarmálinu.

**Hæfniskröfur:** Gerð er krafa um háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða viðskiptafræði. Reynsla af viðskiptakerfum er kostur.

## ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF

Við leitum eftir starfsmönnum í þjónustudeild Landsteina Strengs. Um er að ræða þjónustu og ráðgjöf á viðskiptalausnunum Microsoft Dynamics NAV og Dynamics AX. Einnig óskum við eftir starfsmönnum til að þjónusta og setja upp verslunarlausnir Landsteina Strengs.

**Hæfniskröfur:** Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólamenntun á sviði viðskipta og reksturs, en einnig kemur til greina að ráða fólk með mikla reynslu á þessu sviði. Áhersla er lögð á víðtæka þekkingu á rekstrarumhverfi fyrirtækja.

Landsteinar Strengur hf. leggur áherslu á að ráða hæfasta fólkið til starfa á sínu sviði á hverjum tíma. Það skiptir okkur miklu máli að starfsmenn leggi allan sinn metnað í vel unnið verk, að þeir séu í góðu sambandi við samstarfsfólk, beri út jákvæða ímynd fyrirtækisins og njóti sín í starfi. Aðrir eiginleikar sem við leitum eftir eru skipulagshæfileikar, rík þjónustulund, nákvæmni, frumkvæði, agi til þess að vinna undir verklagsreglum og vilji til sjálfstæðra vinnubragða.

**Umsóknir óskast sendar á netfangið atvinna@LS.is eða í pósti. Umsóknarfrestur er til 12. október nk. Allar upplýsingar um ofangreindar stöður veitir Sigurður Ari Sigurjónsson í síma 550 9000.**

## Landsteinar Strengur

Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007
Microsoft Business Solutions Global ISV of the Year 2005
LS Retail NAV - Certified for Microsoft Dynamics

VOTTUN HF. IST ISO 9001

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Landsteinar Strengur hf.
Ármúla 7 · 108 Reykjavík
Sími 550 9000 · Fax 550 9010
www.LS.is · LS@LS.is

Íbúðalánasjóður

*Tilgangur Íbúðalánasjóðs er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks á að eignast og leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.*

# Upplýsingafulltrúi í þjónustuver

**Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða upplýsingafulltrúa í þjónustuver Íbúðalánasjóðs á Sauðárkróki.**

### Starfssvið

- Upplýsingamiðlun, leiðbeiningar og þjónusta við viðskiptavini sjóðsins
- Umsýsla með skuldabréf sjóðsins, skráning og skönnun

Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins við viðkomandi stéttarfélag.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af skrifstofu-, þjónustu- eða bankastörfum æskileg
- Gott vald á íslensku og tölvukunnátta nauðsynleg
- Áhugi á húsnæðis- og lánamálum
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi
- Lipurð í samskiptum, gott sjálfstraust og framúrskarandi þjónustulund

Nánari upplýsingar um starfið veitir Svanhildur Guðmundsdóttir, forstöðumaður þjónustuvers á Sauðákróki.

Umsóknir óskast sendar til Ástu H. Bragadóttur, starfsmannastjóra Íbúðalánasjóðs á netfangið astab@ils.is eða í bréfpósti í Borgartún 21, 105 Reykjavík, merkt starfsmannastjóra.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. september næstkomandi.**

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969, fax: 569 6800

# Tannlæknastofa

Ritari óskast í fullt starf í móttöku á tannlæknastofu. Viðkomandi þarf að hafa góða tölvukunnáttu, vera stundvís og áreiðanlegur. Góður vinnutími. Æskilegt er að viðkomandi getið hafið störf fljótlega.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir á box@frett.is merkt "Ritari 123" fyrir 20. September 2007.

# 100% Hollusta

Við opnum nýjan glæsilegan stað á þjónustustöð N1 í Borgartúni.

Óskum eftir að ráða traust og heiðarlegt starfsfólk í eftirfarandi störf strax:

Rekstrarstjóra í fullt starf. 23 ára og eldri.

Vaktstjóra í vaktavinnu fullt starf

Starfsfólk í afgreiðslu:

Fullt starf dagvinna

Hlutastörf dagvinna

Fullt starf vaktavinna

Hlutastörf: Kvöld og helgar

Upplýsingar í síma 898 7924 ( Kristinn ) eða senda umsókn á cyrus@simnet.is

BOOZTBAR ÍSBAR

# ÁHUGAVERT STARF HJÁ FRÍSTUNDA-MIÐSTÖÐINNI MIÐBERGI Í BREIÐHOLTI

## Umsjónarmaður Æskufells í Fellaskóla

**Samstarfsverkefni Fellaskóla, ÍTR og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, 70% starf.**

### Ábyrgðarsvið:

- Umsjón með athvarfi fyrir 6-9 ára börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur
- Búa vel að börnunum, aðstoða þau við heimanám og stuðla að því að þau fái að njóta sín og þroska félagslega færni í samskiptum gegnum leik og starf
- Þverfaglegt samstarf við þá sem koma að rekstri athvarfa
- Önnur verkefni tengd tómstundastarfi í hverfinu

### Menntunar – og hæfniskröfur:

- Uppeldismenntun eða önnur sambærileg háskólamenntun
- Reynsla af starfi með börnum
- Áhugi á frístundastarfi
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Skapa liðsheild í starfsmannahópi
- Góð almenn tölvukunnátta

Laun eru samkvæmt. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.
Umsóknum skal skilað til frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs, Gerðubergi 1, 111 Reykjavík, merkt „Umsjónarmannastarf september 2007".
**Nánari upplýsingar veitir Arnór Geir Jónsson, deildarstjóri barnastarfs í Miðbergi, s: 411-5750, netfang: arnor.geir.jonsson@reykjavik.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 30. september 2007. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.**

**Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur | Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 | Bréfsími 411 5009 | www.itr.is | itr@itr.is**

ÍTR

512 5050 Auglýsingasími
– Mest lesið



## Forstöðumaður eldhúss

Laus er til umsóknar staða forstöðumanns í eldhúsi Sjúkrahússins á Akureyri. Umsækjendur skulu hafa meistararéttindi í matreiðslu eða hafa lokið prófi frá viðurkenndum skóla á sviði matvælaframleiðslu og hafa öðlast réttindi sem næringarrekstrarfræðingur, næringarráðgjafi eða önnur sem sambærileg má telja. Stjórnunarreynsla og reynsla af vinnu á heilbrigðisstofnun er æskileg.

Forstöðumaður stýrir daglegri starfsemi eldhúss, annast ráðningu starfsmanna og skipuleggur störf þeirra og vinnutíma. Lögð er áhersla á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og góða samskiptaeiginleika. Laun eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Næsti yfirmaður forstöðumanns er framkvæmdastjóri fjármála og reksturs. Umsóknarfrestur er til og með 30. september n.k.

Umsóknir sendist Vigni Sveinssyni, framkvæmdastjóra fjármála og reksturs, vignir@fsa.is , Sjúkrahúsinu á Akureyri, Eyrarlandsvegi, 600 Akureyri, og veitir hann jafnframt nánari upplýsingar um starfið.

## Vaktstjóri í eldhúsi

Laus er til umsóknar, staða vaktstjóra í eldhúsi, 100% staða í vaktavinnu. Umsækjendur um stöðu vaktstjóra skulu að lágmarki hafa lokið námi á starfsbraut verkmenntaskóla (aðstoðarkokkur eða matartæknir) eða hafa starfsreynslu í eldamennsku. Æskilegt er að umsækjendur hafi stjórnunarreynslu og tölvukunnáttu.

Rík áhersla er lögð á samskiptahæfileika og færni í mannlegum samskiptum. Næsti yfirmaður er forstöðumaður eldhúss. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannaþjónustu og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisjóðs. Staðan er laus frá 1. desember næstkomandi eða samkvæmt samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til og með 30. september næstkomandi.

Umsókn skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um menntun og starfsreynslu og annað það sem umsækjandi telur mikilvægt að fram komi. Umsóknir ásamt fylgigögnum sendist Önnu Rósu Magnúsdóttur, forstöðumanni eldhúss, Sjúkrahúsinu á Akureyri, Eyrarlandsvegi, 600 Akureyri og veitir hún jafnframt nánari upplýsingar í síma 463 0831.

## BYGGINGAVERKFRÆÐINGAR / TÆKNIFRÆÐINGAR TÆKNITEIKNARAR.

Verkfræðistofan Hamraborg sf óskar eftir að ráða sem fyrst í eftirfarin störf:

Byggingaverkfræðing eða byggingatæknifræðing í burðarþolsverkefni. Þekking á burðarþolsfræði æskileg. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega. Góð laun í boði.

Tæknitekinara. Kunnátta í autocad nauðsynleg ásamt gott vald á íslensku máli. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega. Góð laun í boði.

Nánari upplýsingar gefur Sævar Geirsson í síma 554 2200. Umsóknir sendist með tölvupósti saevar@hamraborg.is

VH Verkfræðistofan Hamraborg
Hamraborg 10 - 200 Kópavogi
Sími: 554 2200 - Fax: 564 2277
Netfang: saevar@hamraborg.is

LANDSPÍTALI

## Verkstjórar

**Höfum laus störf verkstjóra í framleiðslueldhúsi Landspítala**

Verkstjóri við uppþvott annars vegar og verkstjóri við matargerð hins vegar. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum sem eru tilbúnir að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni sem unnin eru bæði sjálfstætt og í hóp. Störfin henta fólki á öllum aldri, einstaklingum sem eiga gott með mannleg samskipti og hafa almenna tölvu- og íslenskukunnáttu. Matartækni- eða matreiðslumenntun er kostur og reynsla af verkstjórn í eldhúsi er kostur.
Eldhús - matsalir er fjölþjóðlegur vinnustaður þar sem meirihluti starfsmanna eru af erlendu þjóðerni. Lögð er áhersla á jafnræði og jafnrétti á vinnustað. Þetta er því tilvalið tækifæri fyrir þá sem hafa áhuga á að starfa með ólíkum einstaklingum og kynnast um leið fólki frá framandi menningarheimum.
Megin starfsvið eldhúss - matsala er að sjá um matargerð og máltíðaþjónustu fyrir sjúklinga og starfsfólk spítalans. Markmið okkar er að gæta hagkvæmni og tryggja öryggi matvæla og vinnuferla þannig að framleiðsla og þjónusta sé til fyrirmyndar.
Umsóknir berist fyrir 1. okt. nk. til Friðgerðar Guðnadóttur, starfsmannastjóra eldhúss - matsala við Hringbraut og veitir hún upplýsingar í síma 543 1604, netfang fridgerdh@landspitali.is.

## Aðstoðarmenn iðjuþjálfa

óskast á geðsvið. Starfshlutföll eru 100% eða eftir samkomulagi. Viðkomendur þurfa að geta unnið sjálfstætt, vera handlagnir og hafa góða kunnáttu í tölvuvinnu (kunnátta í Photoshop æskileg). Upplagt starf fyrir ungt fólk sem hefur áhuga á að afla sér reynslu í mannlegum samskiptum og efla eigin þroska. Vinna í iðjuþjálfun gefur dýrmæta undirstöðu fyrir framtíðarmenntun og störf. Starfið er jafnt fyrir karlmenn sem konur.
Umsóknir berist fyrir 1. okt. nk. til Sylviane Pétursson, yfiriðjuþjálfa við Hringbraut og veitir hún upplýsingar í síma 543 4004/ 4451 netfang sylviane@landspitali.is.

## Hjúkrunarfræðingar

óskast í útskriftar- og öldrunarteymi LSH sem fyrst. Starfshlutfall er 80-100% dagvinna með möguleika á bakvöktum.
Útskriftar- og öldrunarteymi er ráðgefandi stuðnings- og samræmingaraðili fyrir sjúklinga, aðstandendur þeirra og starfsfólk LSH vegna útskriftarúrræða fyrir skjólstæðinga spítalans. Teyminu er meðal annars ætlað að auka gæði og skilvirkni í útskriftum.
Æskilegt er að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu og sé tilbúinn til að taka þátt í spennandi þróunar- og uppbyggingarstarfi.
Umsóknir berist fyrir 1. okt. n.k. til Hildar Helgadóttur, innlagnastjóra á skrifstofu hjúkrunar E-2 í Fossvogi og veitir hún upplýsingar í síma 824 3596, netfang hildurhe@landspitali.is.

## Hjúkrunarfræðingar

óskast til starfa á lungnadeild A-6 í Fossvogi. Lungnadeildin er eina sérhæfða deild sinnar tegundar á landinu.
Starfið felur í sér að veita einstaklingshæfða hjúkrun, ráðgjöf og stuðning til lungnasjúklinga og aðstandenda þeirra. Skráning lyfjafyrirmæla er á rafrænu formi.
Á deildinni er stöðugt vaxandi hátæknimeðferð og nú er í undirbúningi opnun hágæslueiningar fyrir lungnasjúklinga á deildinni. Við leitum eftir metnaðarfullum hjúkrunarfræðingum sem hafa áhuga á að starfa með samhentum hópi fagfólks að uppbyggingu og þróun hjúkrunar á sviði hágæslu og bráðameðferðar lungnasjúklinga. Boðið er uppá einstaklingshæfða aðlögun og sérskipulagða fræðslu vegna opnunar hágæslueiningar. Starfshlutfall 100% eða eftir samkomulagi og sveigjanlegur vinnutími í boði, leitast er við að koma til móts við óskir starfsmanna.
**Hjúkrunarfræðingar óskast einnig á fastar næturvaktir.**
Óskum eftir að ráða starfsmann í þjónustu við aldraða hjá Félagsþjónustu Seltjarnarnesbæjar. Starfið er 40% starf og er unnið 2 - 3 kvöld í viku (16:30 - 20:15) og aðra hverja helgi. Starfið getur hentað námsmönnum. Starfið er gefandi og fjölbreytt. Reynsla af umönnun aldraða æskileg. Unnið er skv. vaktaplani. Nánari upplýsingar veita Þóra eða Snorri í síma 5959130 eða 8972079

---

EININGAVERKSMIÐJAN

Einingaverksmiðjuna ehf vantar starfsmann á steypustöð nú þegar. Ört vaxandi fyrirtæki á góðum stað.

Tekið verður við umsóknum hjá Helgu í síma 587-7770 frá kl. 9 – 16 eða á email: helga@ev.is

---

EKRON
STARFSÞJÁLFUN

# Áfengis- og vímuefnaráðgjafi

**Óskað er eftir áfengis- og vímuefnaráðgjafa í fullt starf.**

**Hæfniskröfur**
Við leitum að starfsmanni með:
- reynslu á sviði áfengis- og vímuefnaráðgjafar
- frumkvæði og metnað í starfi
- hæfni í mannlegum samskiptum

Viðkomandi þarf að vera reiðubúin/inn til að taka þátt í teymisvinnu og þróunarstarfi.

Í boði er áhugavert og spennandi starf í góðu vinnuumhverfi undir handleiðslu félagsráðgjafa.

EKRON, starfsþjálfun er sértæk einstaklingsmiðuð atvinnutengd starfsþjálfun/endurhæfing fyrir óvirka áfengis- og vímuefnaneytendur.

Umsóknir skulu berast fyrir 25. september n.k. og veitir Herdís Hjörleifsdóttir, félagsráðgjafi frekari upplýsingar í síma 567 12 12 eða á netfang herdis@ekron.is

Umsóknir sendast til EKRON, starfsþjálfun, Smiðjuveg 4b, 200 Kópavogi.

---




# VERKEFNASTJÓRI

ICELANDAIR leitar að sterkum liðsmanni sem hefur áhuga á krefjandi starfi sérfræðings á sölu- og markaðssviði í hröðu og síbreytilegu umhverfi alþjóðlegs flugrekstrar. Starfið felur í sér mikil erlend samskipti og töluverð ferðalög.

VERKSVIÐ
- Áætlanagerð og umsjón söluupplýsinga
- Greiningar og upplýsingaöflun
- Samræming söluaðgerða á alþjóðlegum mörkuðum
- Verkefnastjórn

HÆFNISKRÖFUR
- Háskólapróf í viðskiptafræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Kraftur og lifandi áhugi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og áhugi á því að vinna sem hluti af liðsheild
- Vilji til að læra nýja hluti og starfa í breytilegu umhverfi
- Starfsreynsla úr sambærilegu starfi sem og reynsla úr alþjóðlegu umhverfi eru kostir

Icelandair er kraftmikið ferðaþjónustufyrirtæki sem tekur þátt í harðri samkeppni á alþjóðamarkaði.

Icelandair er framsækið fyrirtæki, leiðandi í ferðaþjónustu á Íslandi, leiðandi í markaðssetningu á Internetinu og í fremstu röð í þróun upplýsingatækni.

Starfsmenn Icelandair eru lykillinn að velgengni félagsins. Hjá Icelandair starfa um 1400 manns af mörgum þjóðernum í tíu löndum.

Icelandair leggur áherslu á að starfsmenn félagsins séu þjónustusinnaðir og tilbúnir að takast á við krefjandi og spennandi verkefni í alþjóðlegu starfsumhverfi.

Icelandair leggur áherslu á þjálfun starfsmanna og símenntun, hvetur starfsmenn til heilsuræktar og styður við félagsstarf starfsmanna.

Icelandair er reyklaust fyrirtæki.

Við erum ein áhöfn með sameiginlegt, skýrt markmið, berum virðingu fyrir viðskiptavinum og samstarfsmönnum og höfum gaman að því sem við gerum.

**Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 23. september nk.**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 39150 9/2007

Icelandair er fyrirtæki í forystu á alþjóðamarkaði í ferðaþjónustu. Við erum í öflugri sókn og sækjumst eftir einstaklingum til að taka þátt í uppbyggingu okkar á komandi árum.

WWW.ICELANDAIR.IS

---

Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið

---

# Slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður

**Brunavarnir Skagafjarðar auglýsa laust til umsóknar starf slökkviliðs- og sjúkraflutningamanns.**

Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu við sjúkraflutninga, slökkvistörf, reykköfun, björgun og neyðarflutninga. Útkalls- og bakvaktaskylda er utan dagvinnutíma.
Laun eru skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs-og sjúkraflutningamanna eða samkvæmt kjarasamningi SFS.

Hæfniskröfur:
Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði 8.gr reglugerðar nr.792/2001 um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna. Þeir sem ráðnir eru til starfa sem slökkviliðsmenn skulu fullnægja eftirtöldum skilyrðum:
Hafa góða líkamsburði, vera andlega og líkamlega heilbrigðir, reglusamir og háttvísir, hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og vera ekki haldnir lofthræðslu eða innilokunarkennd.
Hafa aukin ökuréttindi til að stjórna vörubifreið og leigubifreið.
Hafa iðnmenntun (sveins- eða vélstjórapróf) sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærilega menntun og reynslu.
Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst og hafi menntun og reynslu í störfum slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

**Umsóknarfrestur er til 15. október 2007**
Skriflegum umsóknum skal skila á skrifstofu sviðsstjóra Umhverfis- og tæknisviðs í Ráðhúsinu við Skagfirðingabraut á Sauðárkróki.
Fylgigögn með umsókn skulu vera: Læknisvottorð, sakavottorð, prófskírteini og ljósrit af ökuskírteini.
Frekari upplýsingar veitir Kári Gunnarsson settur slökkviliðsstjóri í síma 453-5425

# Slökkviliðsstjóri

**Brunavarnir Skagafjarðar óska eftir að ráða slökkviliðsstjóra til starfa.**

Slökkviliðsstjóri er yfirmaður Brunavarna Skagafjarðar, ber ábyrgð á starfsemi þeirra og annast daglegan rekstur Brunavarna Skagafjarðar. Helstu verkefni slökkviliðsstjóra eru áætlanagerð, stefnumótun, skýrslugerð, gerð starfsáætlana og fjárhagslegur rekstur, ásamt stjórnun á öllum viðamiklum aðgerðum slökkviliðsins. Slökkviliðsstjóri sér um að búnaður slökkviliðsins, færni og menntun starfsmanna uppfylli þarfir slökkviliðsins. Þá sér slökkviliðsstjóri um öll samskipti við fjölmiðla og almenning varðandi starfsemi slökkviliðsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun með sérmenntun í brunamálum eða hafa starfað að lágmarki í eitt ár í slökkviliði sem löggiltur slökkviliðsmaður
- Reynsla og/eða haldgóð þekking á stjórnun slökkviliðs
- Góðir skipulags- og stjórnunarhæfileikar
- Góð almenn tungumála- og tölvukunnátta
- Þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Brunavarnir Skagafjarðar heyra undir Umhverfis- og tæknisvið Sveitarfélagsins Skagafjarðar.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til 15. október 2007**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Örn Berndsen sviðsstjóri Umhverfis- og tæknisviðs í síma 455-6000. Netfang jobygg@skagafjordur.is

# Skipulagsfulltrúi

**Sveitafélagið Skagafjörður óskar eftir að ráða Skipulagsfulltrúa til starfa hjá sveitarfélaginu.**

Starfssvið:
- Umsjón með aðalskipulagi sveitarfélagsins
- Umsjón með gerð deiliskipulags.
- Ábyrgð á auglýsingum og kynningarferli skipulagstillagna.
- Gerð minni háttar deiliskipulags- og aðalskipulagsuppdrátta.
- Samskipti við Skipulagsstofnun í tengslum við skipulagsgerð.
- Ábyrgð á skráningu og vistun skipulagsgagna.

Menntun og hæfniskröfur:
Arkitekt, skipulagsfræðingur, eða sambærileg menntun.
Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði.
Starfsreynsla mjög æskileg.
Jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum.
Góð almenn tölvukunnátta.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Örn Berndsen sviðsstjóri Umhverfis- og tæknisviðs í síma 455-6000 , netfang: jobygg@skagafjordur.is

**Umsóknarfrestur er til 15. október 2007**
Skriflegar umsóknir, sem tilgreina m.a. menntun og fyrri störf skulu sendar í Ráðhúsið við Skagfirðingabraut á Sauðárkróki, merktar Skipulagsfulltrúi.



**Sveitarfélagið Skagafjörður er spennandi valkostur**

Íbúar í Sveitarfélaginu Skagafirði eru um 4.200, þar af um 2.600 á Sauðárkróki. Sauðárkrókur er einn öflugasti byggðakjarni landsbyggðarinnar þar sem saman fer öflug útgerð, úrvinnsla afurða af stóru landbúnaðarsvæði og þjónusta sem jafnast á við það besta.

**Það er alltaf pláss fyrir fleira gott fólk í Skagafirði!**

Skagafjörður
– *tími til að lifa*

NÝPRENT ehf SAUÐÁRKRÓKI

www.skagafjordur.is — RÁÐHÚS SKAGFIRÐINGABRAUT 21 550 SAUÐÁRKRÓKUR ✆ 455 6000

# ÍSTAK




## TRÉSMIÐIR – JÁRNIÐNAÐARMENN

Vegna aukinna verkefna óskar ÍSTAK eftir að ráða trésmiði og járniðnaðarmenn til starfa.

Um er að ræða framkvæmdir í Reykjavík og nágrenni.

Æskilegt er að umsækjendur hafi einhverja starfsreynslu.

Möguleiki er á húsnæði fyrir utanbæjarfólk.

**Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 650 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.**

**ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**

# Rennismiður

DNG óskar eftir að ráða traustan einstakling til að taka þátt í uppbyggingu á renniverkstæði fyrirtækisins á Akureyri.

**Starfsvið:**
- Umsjón með CNC-fræsara
- Auka nýtni á vélum í fjöldaframleiðslu
- Þróun á nýjum vörum

**Hæfniskröfur:**
- Sveinspróf í rennismíði æskilegt
- Góð kunnátta á CAD / CAM
- Almenn tölvuþekking
- Skipulagður

*Hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.*

Við umsóknum og fyrirspurnum tekur
Hjörvar Kristjánsson, framkvæmdastjóri
Netfang: hjorvar@dng.is
Sími: 894 2411.

DNG

Naustatangi 2 • 600 Akureyri
Sími 461 1122 • www.dng.is

SEÐLABANKI ÍSLANDS

# Hagfræðingur á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands auglýsir lausar til umsóknar tvær stöður hagfræðinga á hagfræðisviði bankans. Hagfræðisvið annast rannsóknir og greiningu á þróun efnahags- og peningamála, gerir þjóðhags- og verðbólguspár og tekur þátt í mótun stefnunnar í peningamálum. Hagfræðisvið hefur m.a. umsjón með útgáfu Peningamála og enskri þýðingu þeirra, Monetary Bulletin.

## Staða 1

### Verkefni hagfræðingsins verða m.a.:

- Að fylgjast með framvindu efnahagsmála, greina gögn og skrifa um niðurstöður.
- Tilfallandi rannsóknarverkefni og ráðgjöf á sviði þjóðhagfræði.
- Þátttaka í öðrum verkefnum hagfræðisviðs eftir atvikum.

Áskilið er a.m.k. meistarapróf í þjóðhagfræði og lögð er áhersla á að umsækjandi hafi þekkingu og áhuga á efnahagsmálum. Umsækjandi þarf að hafa gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði íslensku og ensku, og hæfileika til að setja fram fræðilegt efni á skýran hátt. Auk þekkingar á hefðbundnum hugbúnaði væri það kostur ef umsækjandi hefði góða þekkingu á notkun hugbúnaðar til tölfræðigreiningar og hagmælinga. Umsækjandi þarf að hafa góða samskiptahæfileika og vera reiðubúinn til hópvinnu af ýmsu tagi.

## Staða 2

### Verkefni hagfræðingsins verða m.a.:

- Almennar rannsóknir, einkum á sviði peninga- og þjóðhagfræði.
- Þátttaka í gerð verðbólgu- og þjóðhagsspáa bankans og gerð líkana til spágerðar og endurbætur þeirra.
- Tilfallandi verkefni og ráðgjöf á ábyrgðarsviðum Seðlabankans.

Áskilið er a.m.k. meistarapróf í hagfræði og lögð er áhersla á að umsækjandi hafi gott vald á aðferðum til hagrannsókna og notkun hugbúnaðar til tölfræðigreiningar og hagmælinga. Umsækjandi þarf að hafa gott vald á mæltu og rituðu máli og hæfileika til að setja fram fræðilegt efni á skýran hátt. Umsækjandi þarf að hafa góða samskiptahæfileika og vera reiðubúinn til hópvinnu af ýmsu tagi.

**Upplýsingar um starfið veitir Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur, í síma 5699600. Umsóknum skal skilað fyrir 27. september 2007 til rekstrarstjóra Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.**



# Atlantsskip óska eftir fólki

## Almenn bókhaldsstörf í fjárreiðudeild

**Starf:**
- Almenn bókhaldsstörf
- Bókun fylgiskjala
- Afstemmingar
- Kostnaðareftirlit

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af bókhaldi og bókhaldskerfum æskileg
- Almenn tölvukunnátta
- Nákvæmni
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: birgir@atlantsskip.is, fyrir 21. sept. nk.

*Atlantsskip er eitt stærsta flutningafyrirtæki landsins og annast vöruflutninga til og frá landinu og um allan heim, á sjó, í lofti og á landi. Atlantsskip byggja starfsemi og þjónustu fyrirtækisins á litlli yfirbyggingu, persónulegum samskiptum og sveigjanleika. Því er Atlantsskip kraftmikið þjónustufyrirtæki. Hlutverk Atlantsskipa er að bjóða viðskiptavinum sínum trausta og örugga flutningsþjónustu með ánægju þeirra að leiðarljósi.*

***Atlantsskip ehf.** Vesturvör 29 / 200 Kópavogur*
*Sími 591 3000 / **www.atlantsskip.is***

ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-

PIPAR • SÍA • 71774

# KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**Félagsþjónusta Kópavogs:**
- Yfirmaður fjölskyldudeildar
- Félagsráðgjafi
- Liðveitandi/persónulegur ráðgjafi og tilsjón
- Aðstoð við heimilisstörf
- Stuðningsfjölskyldur

**Sundlaug Kópavogs:**
- Laugarvarsla karla
- Laugarvarsla kvenna

### GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Digranesskóli:**
- Skólaliði 100%
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%

**Hjallaskóli:**
- Kennari í leikrænni tjáningu
- Umsjónarkennari á miðstig
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Stundakennari í albönsku
- Stuðningsfulltrúi 60%

**Hörðuvallaskóli:**
- Starfsmenn í Dægradvöl 50%

**Kársnesskóli:**
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Stuðningsfulltrúi í Dægradvöl 50% e.hád.

**Kópavogsskóli:**
- Störf við ræstingar (75%)

**Íþróttahús Kópavogsskóla:**
- Baðvarsla kvenna 80%

**Lindaskóli:**
- Stærðfræðikennari á eldra stigi
- Starfsmaður í Dægradvöl
- Gangavörður/ræstir

**Salaskóli:**
- Umsjónark. á yngsta stig, fullt eða hlutast.
- Textílkennari, hlutastarf
- Starfsfólk í Dægradvöl, hlutastarf

**Smáraskóli:**
- Dönskukennari í 8.-10. bekk
- Heimilisfræðikennari
- Tónmenntakennari 50%
- Stuðningsfulltrúar
- Skólaliðar
- Umsjónarkennari á yngsta stig

**Snælandsskóli:**
- Þroskaþjálfi/stuðningsfulltrúi
- Dægradvöl 50%

**Vatnsendaskóli:**
- Skólaliði 100%
- Starfsmaður í Dægradvöl 30-50% e. hád.
- Matráður kennara 60%

***Nánari upplýsingar á: www.kopavogur.is og www.job.is***



das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður | Vífilsstaðir | Víðines

## Hrafnista Reyjavík

**Hjúkrunarfræðingar** – húsnæði getur fylgt
Hjúkrunarfræðinga vantar á kvöld og næturvaktir, starfshlutfall samkomulag.
Uppl. á www.hrafnista.is eða hjá Ölmu, hjúkrunarforstjóra í síma 693-9564 á skrifstofutíma, alma@hrafnista.is

**Hjúkrunarritari** 100% starf.
Fjölbreytt og skemmtilegt starf. Tölvukunnátta nauðsynleg

**Sjúkraliðar og starfsfólk við aðhlynningu**

Góður starfsandi
Laus störf í boði, vaktavinna, starfshlutfall samkomulag
Einnig vantar á fastar næturvaktir.

Uppl. á www.hrafnista.is eða hjá Magneu í síma 585-9529, magnea@hrafnista.is

## Hrafnista Hafnarfirði

*Heimilislegt umhverfi og góður starfsandi*

**Hjúkrunarfræðingar**
Höfum lausar eru stöður í vaktavinnu, starfshlutfall samkomulag.
Uppl. á www.hrafnista.is og hjá Ölmu hjúkrunarforstjóra í síma 693-9564, alma@hrafnista.is

**Sjúkraliðar og starfsfólk við aðhlynningu**
Laus störf í boði, vaktavinna, starfshlutfall samkomulag
Uppl. á www.hrafnista.is eða hjá Magneu í síma 585-9529, magnea@hrafnista.is

## Vífilsstaðir

*Notalegur vinnustaður í fallegu umhverfi*

**Hjúkrunarfræðingar eða hjúkrunarnemar** - Helgarvinna
Höfum lausar eru stöður í vaktavinnu um helgar, starfshlutfall samkomulag.

**Sjúkraliðar og starfsfólk við aðhlynningu**
Laus störf í boði, einkum morgunvaktir
Uppl. gefur Ingibjörg í síma 599-7011, ingat@vifilsstadir.is



# Tónlistarstjóri Ástjarnarkirkju

Ástjarnarkirkja í Hafnarfirði leitar að tónlistarstjóra með reynslu af kirkjustarfi í 70% starf.
Um er að ræða spennandi uppbyggingarstarf í nýjasta Þjóðkirkjusöfnuði Hafnarfjarðar, sem spannar Ásland og Velli. Helgihald fer fram í nýrri kapellu safnaðarins á framtíðar kirkjulóð að Kirkjuvöllum 1.

Tónlistarstjórinn starfar náið með presti og æskulýðsfulltrúa sóknarinnar að mótun helgihalds og safnaðarstarfs komandi ára með sérstakri áherslu á barna og unglingastarf.

Starfsskyldur eru m.a.
- tónlistarflutningur við vikulegt helgihald barna
- hálfsmánaðarlegt helgihald fullorðinna, auk hátíða
- æfing og efling kirkjukórs
- uppbygging barnakórs
- stuðningur við barna- og æskulýðsstarf

Nánari upplýsingar veita:
séra Bára Friðriksdóttir sóknarprestur,
bara.fridriksdottir@kirkjan.is
og Hermann Erlingsson formaður sóknarnefndar
hermannbjorn@gmail.com

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda til Ástjarnarkirkju, Pósthólf 115, 220 Hafnarfirði,
Merkt "Tónlistastjóri Ástjarnarsóknar" fyrir 20 september n.k.

Sveitarfélagið ÁLFTANES

# Félagsráðgjafi

Sveitarfélagið Álftanes auglýsir eftir félagsráðgjafa til starfa á sviði félagslegrar ráðgjafar á nýju velferðar- og skólasviði sem verið er að stofna. Starfmaðurinn mun sinna fyrst og fremst verkefnum samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

**Starfssvið:**
Félagsleg ráðgjöf í einstaklings- og fjölskyldumálum.
Fjárhagsaðstoð.
Málefni eldri borgara.
Barnavernd og forvarnir í málefnum barna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Starfsleyfi félagsráðgjafa skv. lögum nr. 95/1990.
Reynsla á sviði barnaverndar og/eða félagsþjónustu æskileg.
Lipurð í mannlegum samskiptum.
Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð.
Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu.

Um er að ræða 100% starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist á netfangið bjorn@alftanes.is eða til Sveitarfélagsins Álftaness, Bjarnastöðum, 225 Álftanesi, fyrir 1. október 2007.

Nánari upplýsingar veitir Björn Steinar Pálmason skrifstofustjóri í síma 550 2300.

Í dag eru íbúar á Álftanesi rúmlega 2.300 en uppbygging er hröð og er gert ráð fyrir fjölgun um 1.000 manns á næstu 3-4 árum. Í sveitarfélaginu er rekinn einn grunnskóli, tveir leikskólar og áformað er að byggja þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara 2008-2009. Samið hefur verið um uppbyggingu nýrrar íþróttamiðstöðvar og sundlaugar en áætlað er að þau mannvirki verði tekin í notkun fyrir árslok 2008. Sveitarfélagið stendur framarlega í umhverfismálum og unnið er að ýmsum verkefnum á því sviði.

Nánari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á heimasíðu þess:
**www.alftanes.is.**

Reykjavíkurborg
**Velferðarsvið**

# *Laus störf á aðalskrifstofu Velferðarsviðs*

## Upplýsinga- og kynningarfulltrúi

**Óskað er eftir að ráða öflugan upplýsinga- og kynningarfulltrúa á skrifstofu sviðsstjóra.** Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf í metnaðarfullu og skemmtilegu starfsumhverfi, þar sem hæfileikar starfsmanna fá notið sín. Við bjóðum uppá þátttöku í þróun starfsumhverfis og verkefna og tækifæri til símenntunar og starfsþróunar.

**Helstu verkefni:**
- Upplýsingamiðlun
- Samskipti og samstarf við fjölmiðla
- Gerð fréttatilkynninga
- Umsjón með vefsíðu sviðsins og samstarf um vefmál innan borgarkerfisins
- Útgáfa kynningarefnis og umsjón með kynningarmálum
- Hönnun og birting auglýsinga
- Ráðgjöf við stjórnendur á sviði upplýsinga- og kynningarmála

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af upplýsinga- og kynningarmálum
- Þekking og reynsla af samskiptum við fjölmiðla æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Gott vald á framsetningu efnis á rituðu og mæltu máli
- Gott vald á ensku og einu norðurlandamáli

**Leitað er að starfsmanni í fullt starf sem getur hafið störf sem fyrst.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Nánari upplýsingar veitir Lóa Birna Birgisdóttir starfsmannastjóri netfang: loa.birna.birgisdottir@reykjavik.is og í síma 411 9000.
Skriflegum umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skila til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík eða á ofangreint netfang **- merkt „Upplýsinga- og kynningarfulltrúi" fyrir 28. september nk.**

## Mannauðsráðgjafi

**Óskað er eftir öflugum mannauðsráðgjafa til starfa í mannauðsþjónustu sviðsins.** Við bjóðum upp á fjölbreytt og krefjandi starf í metnaðarfullu og skemmtilegu starfsumhverfi, þar sem hæfileikar starfsmanna fá notið sín. Við bjóðum upp á þátttöku í þróun starfsumhverfis og verkefna og tækifæri til símenntunar og starfsþróunar.

**Helstu verkefni:**
- Veita ráðgjöf um símenntun og annast símenntun fyrir ákveðna hópa
- Veita ráðgjöf um ráðningar, kjaramál og vinnurétt
- Veita ráðgjöf um stjórnun og starfsmannamál
- Vinna að bættu starfsumhverfi
- Þátttaka í vinnuhópum á sviði starfsmannamála bæði innan sviðs og borgarkerfisins
- Ýmis verkefni sem lúta að því að gera starfsstaði Velferðarsviðs að aðlaðandi og eftirsóknaverðum vinnustöðum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála æskileg
- Þekking og reynsla á sviði mannauðsmála æskileg
- Þekking á kjarasamingum og vinnurétti æskileg
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

**Við leitum að starfsmanni í fullt starf sem getur hafið störf sem fyrst.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Nánari upplýsingar veitir Lóa Birna Birgisdóttir starfsmannastjóri, netfang: loa.birna.birgisdottir@reykjavik.is og í síma 411 9000.
Skriflegum umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skila til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík eða á ofangreint netfang, - **merkt „Mannauðsráðgjafi" fyrir 28. september nk.**

## Lögfræðingur

**Laus er til umsóknar tímabundin staða lögfræðings á skrifstofu sviðsstjóra.** Um hlutastarf getur verið að ræða.

**Helstu verkefni:**
- Ráðgjöf við yfirstjórn, aðra stjórnendur og starfsmenn sviðsins á grundvelli þeirra laga er gilda um velferðarþjónustu á vegum sveitarfélaga.
- Umsjón með samskiptum við aðrar opinberar stofnanir varðandi ýmis álitaefni í daglegum rekstri auk þess að sinna öðrum tilfallandi verkefnum hverju sinni.

**Menntun og hæfni:**
- Embættispróf í lögfræði.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af störfum í stjórnsýslu er æskileg.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Stéttarfélags lögfræðinga.
Nánari upplýsingar veitir Helga Benediktsdóttir, lögfræðingur, í síma 411 9015 / 411 9000.
Umsóknir sendist til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík **fyrir 26. september nk.**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



VILTU BESTA STARF Í HEIMI?

Frístundaheimili ÍTR óska eftir starfsfólki sem getur tekið þátt í að stýra starfi með 6-9 ára börnum á eftirfarandi sviðum:

- List- og verkgreinar, s.s. tónlist, myndlist, leiklist, smíði, textíl
- Íþróttir og leikir, s.s. útileikir, innileikir
- Útivist og umhverfismennt, s.s. gönguferðir, náttúruskoðun
- Barnalýðræði og lífsleikni, s.s. hópastarf, barnafundir, lesa sögur, vinátta og samvera

Um er að ræða hlutastörf eftir hádegi en starfshlutfall og vinnutími getur verið sveigjanlegt.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.
Nánari upplýsingar á heimasíðu ÍTR, www.itr.is

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 • Bréfsími 411 5009 • www.itr.is • itr@itr.is



Ása segir að það sé mikið líf og fjör í Ísaksskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tónlistarnámið kom sér vel

***Ása Valgerður Sigurðardóttir er tónmenntakennari í Ísaksskóla.***

„Ég byrjaði að kenna í Ísaksskóla í fyrra svo þetta er annar veturinn minn hér," segir Ása en frá því að hún útskrifaðist úr Kennaraháskólanum árið 1995 hafði hún fram að því kennt í Snælandsskóla í Kópavogi.

Að sögn Ásu var hún ekki ákveðin í því fyrr en hún var nánast byrjuð í tónmenntakennaranáminu á sínum tíma að það væri það sem hún vildi læra. „Árið eftir stúdent starfaði ég á leikskóla og fann mig í því að vinna með börnum og sá mikinn tilgang í því svo ég skráði mig í Kennaraháskólann. Ég var ekki ákveðin þá í að fara í tónmenntadeildina en eftir kynningu á henni var ekki aftur snúið."

Ása lærði á hljóðfæri sem barn og sá grunnur kom sér vel í kennaranáminu að hennar sögn. „Þess vegna hvet ég nú börn og unglinga til þess að gefa tónlistinni tækifæri því maður veit aldrei hvaða stefnu maður tekur í lífinu og hvenær það getur komið sér vel að kunna á hljóðfæri,"

Nemendur Ásu í Ísaksskóla eru á aldrinum fimm til níu ára. „Ég spila líka undir í söng á sal, en sérstaða skólans felst í raun og veru í miklum og góðum samsöng. Inn í samsönginn fléttast mikið samstarf og allir kennarar skólans koma að honum og syngja með nemendunum inni í stofunum. Í skólanum er sérstök söngnefnd sem í eru kennarar úr öllum árgöngum þannig að lögin eru valin af fleirum en mér. Þau eru þar af leiðandi alls konar, allt frá ættjarðarlögum til enskra laga en nemendurnir læra ensku hérna á öllum aldursstigum. Það er því ekki hægt að segja annað en að það sé mjög vel hlúð að tónmenntinni hér í Ísaksskóla."

Tónmenntakennarastarfið hefur fjölmarga kosti að sögn Ásu. „Það er náttúrulega mikill kostur að hafa þetta frábæra samstarfsfólk á bilinu fimm til níu ára. Þetta eru skarpir krakkar, frumlegir í hugsun og einlægir sem koma manni sífellt á óvart. Starfið er líka mjög fjölbreytt og árstíðabundið þar sem verkefnin fara svolítið eftir árstíðum og fjölskylduvænt."

Ása segir að í Ísaksskóla sé mjög jákvæður andi hjá bæði nemendum og kennurum fyrir tónmenntinni. „Tónmennt er eitthvað sem höfðar yfirleitt til krakka á þessum aldri. Söngur, taktþjálfun, virk hlustun, notkun skólahljóðfæra og samspil er grunnurinn í tónmenntakennslu. Hér er unnið fjölbreytt starf og við erum alltaf að skipta um verkefni þannig að flestir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Ég hef verið að flétta leiklist töluvert inn í tónmenntakennsluna síðustu ár í samstarfi við leiklistarkennara með mjög góðum árangri. Við höfum sett upp sýningar og nemendurnir læra framsögn, að setja sig í spor annarra og fara út úr eigin ramma og beita röddinni þannig að eftir þeim sé tekið. Foreldrar eru mjög ánægðir með þetta og börnin læra mikið því kröfur samfélagsins eru svolítið að þora að láta í sér heyra og koma sjálfum sér og skoðunum sínum á framfæri."

*emilia@frettabladid.is*

INNES EHF.
Heildverslun.

Lagermenn / Bílstjórar
Warehouse personnel

Vegna aukinna umsvifa ætlar INNNES EHF. að fjölga starfsfólki.

www.innnes.is



*Leitað er að duglegum einstaklingum sem búa yfir góðri reynslu af lagerstörfum og útkeyrslu og eru tilbúnir að tileinka sér vönduð vinnubrögð í góðum hópi starfsmanna.*

**Innnes leitar eftir jákvæðu og samviskusömu fólki í útkeyrslu og lagerstörf. Um framtíðarstörf er að ræða. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af sambærilegu starfi og geti hafið störf sem fyrst. Meiraprófsréttindi áskilin vegna starfs við útkeyrslu, lyftarapróf kostur vegna lagerstarfs. Umsóknarfrestur er til 25. september 2007.**

**Innnes is a leading wholesales distributor in Iceland. Due to a rapid expansion, the company is now hiring capable people in the Distribution Center at Fossaleyni. We can offer accommodation.**

*Nánari upplýsingar veitir Valur Stefánsson í síma 530-4012. Umsóknir óskast sendar á netfangið vs@innnes.is eða í pósti merktar:
Innnes ehf, Fossaleyni 21,
112 Reykjavík "atvinnuumsókn".*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.innnes.is*

*Innnes er ein stærsta og öflugasta matvöruheildverslun landsins. Flest vörumerki fyrirtækisins eru markaðsleiðandi á sínu sviði. Innnes á ekki síst velgengni vörumerkja sinna að þakka góðu og samhentu starfsfólki sem nú í ár fagnar 20 ára starfsafmæli fyrirtækisins.
Starfsstöð fyrirtækisins er að Fossaleyni í Grafarvogi, í nýlegum og góðum húsakynnum, þar sem starfsmönnum er boðið uppá góða starfsaðstöðu og gott mötuneyti. Einnig er fyrirtækið með starfsstöð á Akureyri.*

*Innnes er eigandi að Selecta fyrirtækjaþjónustu og er einnig stærsti eigandi Haugen-Gruppen, sem er stór heildverslun á Norðurlöndunum með matvæli og vín. Hjá Innnes og dótturfélögum starfa alls um 260 starfsmenn, þar af starfa 170 erlendis og 90 starfsmenn eru hjá Innnes og Selecta á Íslandi.*

selecta



Vinnustaðir eru kjörinn vettvangur til að stuðla að jafnrétti.

# Jafnræði í starfi

NÝLEGA KOM ÚT SKÝRSLA Á VEGUM ALÞJÓÐA VINNUMÁLASTOFNUNARINNAR UM ÞANN VANDA SEM MISMUNUN Á VINNUSTÖÐUM ER.

Mismununin byggist á ýmiss konar fordómum og er fólki þá til dæmis mismunað vegna kynferðis, trúarbragða, aldurs, lífshátta, fötlunar, þjóðernis og fleira. Í skýrslunni er farið yfir hvernig ástandið er í heiminum í dag hvað þetta varðar og hvað hefur áunnist, hvað hefur versnað og hvaða ný vandamál hafa bæst við. Bent er á að vinnustaðirnir séu kjörinn vettvangur til að stuðla að jafnrétti og að það skili sér þegar fram í sækir, bæði efnahagslega og heilsufarslega. Í skýrslunni er bent á nauðsyn þess að lagaákvæðum sem banna mismunun sé fylgt eftir og að aðilar vinnumarkaðarins og aðrir er að málinu koma taki á vandamálum um leið og þau koma upp. Skýrsluna má lesa í heild sinni á vef Alþjóða vinnumálastofnunar, www.ilo.org.

*- hs*

## Styrkir til krabbameinsrannsókna o.fl.

Sjóður Kristínar Björnsdóttur auglýsir styrki til að rannsaka krabbamein í börnum og unglingum og til aðhlynningar krabbameinssjúkum börnum.

Minningarsjóður Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnsen auglýsir styrki til rannsókna á krabbameini og til tækjakaupa.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Krabbameinsfélagsins, www.krabb.is. Frestur til að skila umsóknum er til 13. október 2007 á skrifstofu Krabbameinsfélagsins, Skógarhlíð 8, 125 Reykjavík.
Tilgreina skal í hvorn sjóðinn er sótt.

Krabbameinsfélagið



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR

## Lögfræðingur

Héraðsdómur Reykjavíkur óskar eftir því að ráða lögfræðing með embættispróf eða masterspróf í starf samkvæmt 17. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla (aðstoðarmaður dómara). Laun eru samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags lögfræðinga og fjármálaráðuneytisins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir, ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skal senda Ólöfu Finnsdóttur, skrifstofustjóra Héraðsdóms Reykjavíkur, Dómhúsinu við Lækjartorg, 101 Reykjavík, en hún veitir jafnframt nánari upplýsingar um starfið í síma 560 4900.

Umsóknarfrestur er til og með 30. september n.k. en tekið er á móti umsóknum rafrænt á netfangið heradsdomur.reykjavikur.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Reykjavík, 16. september 2007

Helgi I. Jónsson
dómstjóri
**Dómhúsinu við Lækjartorg**
**101 Reykjavík**
www.domstolar.is





## Grunnskóli Seltjarnarness
*Mýrarhúsaskóli – Valhúsaskóli*

## Laus eru til umsóknar eftirfarandi störf

***Náttúrufræði á unglingastigi***
Kennara vantar. Tímabundin kennsla vegna forfalla.

**Upplýsingar/umsókn:**
Baldur Pálsson, aðstoðarskólastjóri.
Sími 5959 250.
baldur@seltjarnarnes.is

***Skólaliðar*** óskast. Um er að ræða fjölbreytt og líflegt starf með ungu fólki.

**Upplýsingar/umsókn:**
Hafsteinn Jónsson, umsjónarmaður fasteigna.
Sími 822 9120.

Á Seltjarnarnesi eru um 640 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk. Skólaskjól er lengd viðvera fyrir nemendur í 1. - 4. bekk í Mýrarhúsaskóla.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

***www.grunnskoli.is***

Augl. Þórh. 2200.385



SMÁRAGARÐUR

www.smaragardur.is

# Smáragarður fasteignafélag óskar eftir starfsfólki

## » Fjármálastjóri

**Viðkomandi þarf að vera viðskiptafræðingur eða með sambærilega menntun. Reynsla er nauðsynleg.**



**Helstu verkefni:**
- Gerð mánaðarlegra uppgjöra.
- Gerð áætlana.
- Utanumhald leigusamninga.
- Gerð leigusamninga.
- Samningaviðræður við leigutaka.
- Umsjón með kaupsamningum.
- Utanumhald um frjálsa og sérstaka skráningu.
- Stýra fjármögnunarferli framkvæmda.

## » Verkefnastjóri Þróunarverkefni

**Viðkomandi þarf að vera tækni- eða verkfræðingur og hafa mikla og góða reynslu af verklegum framkvæmdum. Einnig þarf viðkomandi að hafa mikla leiðtogahæfileika og vinna hratt og örugglega. Hæfni í mannlegum samskiptum er afar mikilvæg.**

**Helstu verkefni:**
- Koma að nýjum og spennandi þróunarverkefnum fyrir fyrirtækið.
- Hafa umsjón með undirbúnings-, hönnunar-, & byggingarframkvæmdum nýbygginga Smáragarðs.
- Umsjón með þarfagreiningum.
- Gerð kostnaðaráætlana.
- Gerð tímaáætlana.
- Leiða hönnunarvinnu verkkaupa.
- Samningagerð við verktaka og hönnuði.
- Yfirumsjón með verklegum framkvæmdum.

## » Verkefnastjóri Rekstur & viðhald fasteigna

**Viðkomandi þarf að hafa tækninám að baki. Iðnmenntun kostur. Viðkomandi þarf einnig að hafa mikla og góða reynslu af verklegum framkvæmdum. Hæfni í mannlegum samskiptum er afar mikilvæg.**

**Helstu verkefni:**
- Rekstur og viðhald fasteigna.
- Hafa yfirumsjón með viðhaldsframkvæmdum.
- Gerð viðhalds- og kostnaðaráætlana.
- Samningagerð við verktaka og hönnuði.

Umsóknir sendast á Hauk Guðmundsson
á netfangið haukur@smaragardur.is fyrir 1. október.

**Smáragarður** er eitt af stærstu fasteignafélögum landsins. Það á og rekur um 100.000 m² húsnæðis víða um land. Starfsemi félagsins felst aðallega í þróun lóða, rekstri fasteigna og umsjón með byggingum og byggingaframkvæmdum. Í dag er Smáragarður með í byggingu um 62.500 m2 af húsnæði.

# Vegna mikilla verkefna framundan óskar Eykt eftir að ráða:

### Smiði í ýmiss konar smíðavinnu
- Vinna við klæðningar, úti og inni.
- Mótauppsláttur.
- Vinna á trésmíðaverkstæði.

### Viðgerðarmaður
Umsjón með rekstri og viðhaldi tækja og búnaðar Eyktar.
Einnig fyrirbyggjandi viðhald og yfirferð búnaðar eftir notkun.

Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi reynslu af viðgerðum á vinnulyftum og öðrum búnaði sem fyrirtækið rekur og geti unnið sjálfstætt. Vélvirkja- eða vélstjóramenntun æskileg.

### Vörubílstjóri með meirapróf
- Þarf að vera með meirapróf og kranaréttindi
- Sjálfstæður í vinnubrögðum
- Skipulagður

Nánari upplýsingar veita:
**Magnea Guðmundardóttir í síma 595 4412 - magnea@eykt.is - www.eykt.is og á skrifstofu framkvæmdasviðs Eyktar við Skúlagötu 63.**

EYKT®
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

Eykt ehf. / Lynghálsi 4 / 110 Reykjavík
Sími: 595 4400 / Fax: 595 4499
Netfang: eykt@eykt.is / www.eykt.is

KORNER

**Hársnyrtistofan Korner.**

Óskum eftir hársnyrtisveini eða meistara til starfa.
Leitum eftir jákvæðum einstaklingi sem hefur frumkvæði, faglegan metnað og þæginlega framkomu.

Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Uppl. í síma 897-4878 eftir kl 19 á kvöldin.
Einnig er hægt að senda umsókn á korner@korner.is

## Glerskurðarmaður
Óskum eftir að ráða glerskurðarmann, þarf að geta stjórnað glerskurðarvél.
Upplýsingar gefur Ólafur í síma 54 54 300.
Smiðjuvegi 7
200 Kópavogi

## Glasscutter
We are looking for an experienced Glasscutter, to operate a cutting machine.
Call Olafur for more information, tel. 54 54 300
Smiðjuvegi 7
200 Kópavogi

## Pracownik do ciecia szkto
Zatrudnimy pracownika do ciecia szkla, powinien znac sie na obsludze stolu do ciecia szkla.
Dzwonic do Wojtka 867 8552
Smiðjuvegi 7
200 Kópavogi

Íspan®
GLER OG SPEGLAR

Mata

## Bílstóri óskast
Vegna aukinna umsvifa þá vantar okkur röskan mann í útkeyrslu. Um era ð ræða dreifingu á ávöxtum og grænmeti. Veið leitum að starfsmanni með réttinda til að aka bifreið allt að 3.5 t og einnig allt að 5 t eða meirapróf.

Leitum að jákvæðum og röskum aðila sem vill vinna í krefjandi og skemmtilegu umhverti. Vinnutími frá kl. 7:00. Töluverð yfirvinna.

Áhugasamir sendi umsókn til Mötu ehf. á netfangið toti@mata.is eða hafi samband við Þórarinn í síma 4121300.

## Driver wanted
Looking for experienced drivers to deliver fruits and vegetables in and around Reykjavík. The drivers needs to have license for driving vans up to 3,5 t and or trucks up to 5 t.

Working time from 7:00 and lot of overtime.

Please contact Þórarinn at tel. 4121313 or toti@mata.is

# FRAMkvæmdastjóri

Aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Fram óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa.

Í starfinu felst umsjón með rekstri félagsins og mannvirkjum, fjármálastjórn auk samskipta við félög og stofnanir.

Leitað er að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og hefur góða samskiptahæfileika.
Umsóknarfrestur er **til 24. september n.k.** Umsóknir um menntun og fyrri störf skulu sendar til Knattspyrnufélagsins Fram, Safamýri 26, merktar aðalstjórn, eða á netfangið gbo@gbo.is.

FRAM

# Bílsstjóri

Óskum eftir að ráða bílstjóra á 5. Tonna bíl.
Upplýsingar gefur Ólafur í 54 54 300

Íspan
GLER OG SPEGLAR

Smiðjuvegi 7 • 200 Kópavogi


Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



## Aðstoðarleikskólastjóri í Laufskálum

**Laus er staða aðstoðarleikskólastjóra í leikskólanum Laufskálum, Laufrima 9, Grafarvogi.**

Leikskólinn er fjögurra deilda og er byggingin björt með miklu opnu rými sem býður uppá fjölbreytt vinnusvæði bæði fyrir kennara og nemendur. Í Laufskálum er meðal annars lögð áhersla á að nemendur hafi áhrif á námsval og að allir starfsmenn taki þátt í að móta leikskólastarfið.

**Menntunar- og færnikröfur:**

- Leikskólakennaramenntun áskilin
- Hæfni og reynsla í stjórnun æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

**Staðan er laus 1. des. nk.**
Upplýsingar veitir Halldóra Pétursdóttir, leikskólastjóri í síma 587-1140 og 693-9818, eða Auður Jónsdóttir, mannauðsráðgjafi í síma 411-7000.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir skulu berast til Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík eða starfsumsoknir.leikskolar@leikskolar.is.

Umsóknarfrestur er til 1. október 2007.

Nánari upplýsingar um laus störf á Leikskólasviði er að finna á **www.leikskolar.is**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

## Lausar stöður í leik- og grunnskólum

### Grunnskólar

**Áslandsskóli** (664 5501 leifur@aslandsskoli.is)
Skólaliðar

**Hraunvallaskóli** (664 5872 einar@hraunvallaskoli.is)
Kennsla á yngsta stigi
Skólaliði
Leikskólakennarar/annað uppeldismenntað starfsfólk (sigrunk@hraunvallaskoli.is)

**Lækjarskóli** (664 5877 haraldur@laekjarskoli.is)
Skólaliðar

**Setbergsskóli** (664 5880 gudosk@setbergsskoli.is)
Skólaliði

**Víðistaðaskóli** (664 5891 annakr@vidistadaskoli.is)
Stuðningsfulltrúi
Skólaliði

### Leikskólar

**Arnarberg** (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

**Álfaberg** (555 3021 alfaberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun.
(Álfaberg er leikskóli fyrir 5 ára börn)

**Álfasteinn** (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Starfsmenn til stuðnings

**Hlíðarberg** (565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Síðdegisstöður

**Hlíðarendi** (555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

**Hraunvallaskóli** (664 5835 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Leikskólakennarar/starfsfólk með aðra uppeldismenntun

**Hvammur** (565 0499 hvammur@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Skilastaða

**Hörðuvellir** (555 0721 horduvellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

**Kató** (555 0198 kato@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Leikskólinn er tveggja deilda og tekst á við forystuverkefni í samkennslu

**Norðurberg** (555 3484 nordurberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

**Stekkjarás** (517 5920/664 5862 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar, þroskaþjálfi og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Skilastöður

**Tjarnarás** (565 9710 tjarnaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennara og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun

**Vesturkot** (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar og/eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun
Sérkennslustjóri

**Víðivellir** (555 2004 vidivellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Þroskaþjálfar

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla.
Sjá einnig nánar á heimasíðum skólanna.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is


# Listaverkasamkeppni

## Alcoa Fjarðaál efnir til samkeppni um útilistaverk í Reyðarfirði

Verkið er útilistaverk við álver Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Ætlunin er að verkið endurspegli aðstæður á staðnum þar sem álverið er. Á jörðinni Hrauni, þar sem það stendur, kallast á gamli og nýi tíminn. Öðrum megin þjóðvegarins er eitt nútímalegasta álver heims, búið nýjustu og bestu tækni, en hinum megin eru Sómastaðir sem er lítið hlaðið steinhús í eigu Húsasafns Þjóðminjasafns Íslands. Það var reist árið 1875 og á bænum var lengst af stundaður landbúnaður. Það er einnig kostur að verkið taki mið af næsta umhverfi álversins sem stendur við fjörð, umlukinn háum fjöllum.

Samkeppnin er tvískipt:

### 1 Opin hugmyndasamkeppni

Þeir myndlistarmenn sem taka þátt í samkeppninni senda inn hugmynd að útilistaverki við álverið. Myndræn framsetning hugmyndar þarf að rúmast á tveimur blöðum af stærðinni A4, en einnig á að fylgja með stutt greinargerð á einu A4 blaði um hugmyndina að baki verkinu, efnisval og uppbyggingu. Engin frekari gögn eiga að fylgja tillögunni.

Hugmyndinni þarf að skila til Alcoa Fjarðaáls, Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík, fyrir kl. 16:00 mánudaginn 15. október 2007. Tillögur skulu merktar: „Útilistaverk í Reyðarfirði" og þeim skal skila inn undir dulnefni, eins og nánar er lýst í skilmálum keppninnar á vefsvæðinu **www.alcoa.is**

Sé tillaga send í pósti gildir póststimpill hennar, annars skal hún hafa verið lögð inn á ofangreindum tíma. Þá mun dómnefnd skipuð þremur mönnum, tveimur frá Alcoa Fjarðaáli og einum frá SÍM, velja 5-7 tillögur og bjóða listamönnunum sem eiga þær að þróa þær áfram í lokaðri samkeppni.

### 2 Lokuð samkeppni um útilistaverk

Þeir myndlistarmenn sem komast í þennan síðari hluta samkeppninnar eru beðnir um að útfæra hugmyndina og koma með tillögu að verki. Þeir þurfa að lýsa tækninni sem notuð verður og efninu sem verkið verður unnið úr, gera líkan að verkinu og greina frá stærð þess og umfangi. Þeir eru einnig beðnir um að koma með tillögu um staðsetningu verksins og hvort nota eigi lýsingu. Kostnaðaráætlun þarf einnig að fylgja.

Þessi hluti samkeppninnar tekur rúma tvo mánuði og er miðað við að tillögum að verkunum verði skilað til Alcoa Fjarðaáls, Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík, fyrir klukkan 16:00, 1. febrúar 2008. Ef skilað er í pósti er miðað við póststimpil. Allir sem taka þátt í þessum hluta keppninnar fá greidda þóknun og höfundur vinningstillögu fær 700 þúsund krónur.

Fimm manna dómnefnd, skipuð þremur fulltrúum Alcoa Fjarðaáls og tveimur fulltrúum SÍM, fjallar um tillögurnar og skilar áliti fyrir lok mars 2008. Alcoa Fjarðaál ákveður að lokum hvaða tillögu fyrirtækið kaupir, hvort það kaupir enga, eina eða fleiri.

**Samkeppnin fer fram samkvæmt samkeppnisreglum Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM).**

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál
ALCOA

the PIER

GLÆSILEG OG SPENNANDI HÚSGAGNA- OG GJAFAVÖRUVERSLUN

nýtt á Íslandi!

Fyrsta Pier verslunin var stofnuð í San Mateo, Kaliforníu í Bandaríkjunum árið 1962. Í dag eru um 1100 verslanir víðs vegar um Norður-Ameríku. Árið 1989 opnaði fyrsta Pier verslunin í Bretlandi, undir nafninu The Pier. Í dag eru 46 verslunareiningar á Englandi, Skotlandi, Wales og Írlandi.

Nú er komið að Íslandi og verður fyrsta búðin opnuð í október í Smáranum, Kópavogi. Einnig eru fyrirhugaðar opnanir víðar í heiminum.

Allt frá upphafi hefur markmið Pier verið að bjóða viðskiptavinum sínum vandaðar og einstakar vörur, víðs vegar að úr heiminum, á hagstæðu verði.

Erum að leita að hressu og þjónustulunduðu fólki í hlutastarf og eða helgarvinnu í nýrri, glæsilegri húsgagna- og gjafavöruverslun. Æskilegt er að umsækjendur hafi náð a.m.k. átján ára aldri og hafi auga fyrir útliti og fallegum hlutum.

A WORLD OF INSPIRATION PIER FOR YOUR HOME

Umsóknir, með upplýsingum um fyrri störf og óskavinnutíma, sendist á: pier@pier.is fyrir 20. september

ÖRYGGISVÖRÐUR

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaupum starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

Samkvæmt könnun VR, Fyrirtæki ársins 2006, eru ánægðustu starfsmenn í stórmörkuðum og matvöruverslunum landsins í Hagkaupum.

Hagkaup óska eftir að ráða öryggisvörð til starfa. Um er að ræða fullt starf. Starfið felst í staðbundinni öryggisgæslu og almennu rýrnunareftirliti í verslunum Hagkaupa. Hagkaup leggja mikinn metnað í öryggismál í verslunum sínum og fá öryggisverðir Hagkaupa víðtæka þjálfun til að geta sinnt starfi sínu sem best.

Við leitum að einstaklingi sem er líkamlega hraustur, heiðarlegur, með hreint sakavottorð, metnaðargjarn og útsjónasamur. Umsækjendur yngri en 25 ára koma ekki til greina.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu Hagkaupa Skeifunni 15 eða í tölvupósti (starfsmannahald@hagkaup.is) fyrir **21. september.** Allar nánari upplýsingar veitir Arndís Arnarsdóttir starfsmannafulltrúi í síma 563 5000.

ÚRVAL + ÞÆGINDI + FERSKT & FRAMANDI + GÓÐ KAUP = SKEMMTILEGAST AÐ VERSLA

HAGKAUP Skemmtilegast að versla

hagar

**Sérvörusvið Haga óskar eftir að ráða**

**Birgðabókara fyrir Debenhams**

**Starfshlutfall 100%**

**Helstu verkefni:**
- Stofnun og uppfærsla vörumasters
- Skráning og bókun innlendra- og erlendra vörusendinga
- Bókun aðflutningsgjalda í fjárhagsbókhald
- Samskipti við erlenda og innlenda birgja
- Umsjón og úrvinnsla vörutalninga í samráði við birgðastjóra
- Ýmis önnur verkefni

